



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Aðalstræti 92
450 Patreksfjörður

Ísafjörður, 13. apríl 2018
2018010057

Efni: Umsögn Skipulags- og byggingafulltrúa.

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Vestfjörðum í bréfi dags. 16. mars 2018., þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Dagnýjar Þrastardóttur f.h. Miðhúsa ehf. Um leyfi til að reka gististaðinn Experience Westfjords, gistiheimili í flokki II, íbúð að Grundargötu 2, Ísafirði.

Gististaður II, er gististaður án veitinga. Flokkur F, Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma sbr. 2. gr. reglugerðar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér falla undir starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskyldar.

Grundargata 2, Ísafirði er á svæði sem er skilgreint sem I5 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, markmið skipulagsins eru eftirfarandi.

- Ávallt verði tiltækar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis
- Íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru

Athugasemd skipulagsfulltrúa

Grundargata 2, Ísafirði er á svæði sem skilgreint er sem íbúðargata, í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, skv. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 6.2. er einungis heimilt að hafa gistiheimili í flokki II á svæðum sem skilgreind eru sem miðsvæði eða verslun og þjónusta í skipulagi.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd í umsögn dags. 10.04.2018

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemd í umsögn dags. 11.apríl 2018

Virðingarfyllst,

Axel Rodríguez Överby
- skipulags- og byggingafulltrúi -